



Foreldrakönnun 2019

Grunnskóli Húnaþings vestra - innra mat

Efnisyfirlit

Nám og kennsla.....	2
Velferð nemenda.....	3
Aðstaða og þjónusta	7
Foreldrasamstarf.....	8
Heimastuðningur.....	8
Samantekt.....	9

Könnunin er framkvæmd af Skólapúlsinum fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Ef mæling skólans á tilteknum þætti er marktækt fyrir ofan eða fyrir neðan niðurstöðu annarra skóla miðað við 90% öryggismörk er mismunurinn í aftasta dálki fyrir aftan nafn þáttarins stjórnumerktur og með **bláum stöfum +/- X,X**. Þetta merkir að hægt sé að fullyrða með 90% vissu að munurinn sé raunverulega til staðar í þýðinu.

Könnunin skiptist í fimm þætti

- Nám og kennsla
- Velferð nemenda
- Aðstaða og þjónusta
- Foreldrasamstarf
- Heimastuðningur

Hver þáttur er skoðaður sem heild og einstaka undirþættir. Könnunin er nýtt við stefnumótun og borin saman við áherslur skólans. Einnig er reynt að leggja mat á þróun svara foreldra og meta svör þeirra í samræmi við aðrar kannanir s.s. nemendakönnun, líðanviðtöl og eineltiskannanir.

Við hvern þátt er reynt að draga fram styrkleika  og áskoranir  fyrir skólann.


Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,0	64	5,2	4.289	-0,2
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	92,3%	60/65	90,5%	3811/4191	1,8%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	90,3%	56/62	82,1%	3545/4261	8,2%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	74,6%	47/63	77,9%	3278/4217	-3,3%




Ánægja foreldra með alla þætti innan matsþáttarins **Nám og kennsla** hefur vaxið á milli kannana. Ef allir þættir eru vegnir saman er 85% ánægja foreldra með þessa þætti en 83% ánægja á landvísu.

1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Ársmeðaltöl



1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




Athygli vekur að mest er ánægja foreldra með hæfilega þyngd námsefnis á unglingastigi, hún er óvenju há miðað við landsmeðaltal.

Ánægja með stjórnun skólans hefur aukist sem og ánægja með hæfilegan aga.




Samkvæmt opnum svörum og landsmeðaltali mætti aginn þó vera meiri í skólanum.

1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans – Ársmeðaltöl



1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,5	67	4,8	4.167	-0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	91,8%	56 _{/61}	87,4%	3638 _{/4143}	4,4%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	90,6%	58 _{/64}	91,4%	3941 _{/4297}	-0,8%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	93,8%	60 _{/64}	90,9%	3904 _{/4290}	2,9%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	85,9%	55 _{/64}	89,7%	3857 _{/4299}	-3,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	8,1%	5 _{/62}	9,3%	414 _{/4222}	-1,2%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	4 _{/8}	57,8%	404 _{/718}	-7,8%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	4 _{/8}	55,8%	386 _{/707}	-5,8%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	89,7%	52 _{/58}	82,3%	2970 _{/3601}	7,4%
2.10. Meðaltímabil eineltis	1,6	6	1,4	722	0,2
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	7	-	-	-




Ánægja með samskipti starfsfólks við nemendur hefur vaxið. Einnig kemur fram í opnum svörum hvað foreldrum líki vel að koma inn í skólann og finna viðmót starfsfólks.

2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda – Ársmeðaltöl



2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur – Ársmeðaltöl




Yfir 90% ánægja er með hvernig skólinn sinnir þörfum nemenda og er yfir landsmeðaltali.




Líðan nemenda í skólanum er ekki eins góð að mati foreldra og í fyrri könnun og lægri en árið 2013. 90% foreldra telur þó að börnum þeirra líði vel í skólanum. Í nemendakönnun í september komu sterkir eiginleikar um að nemendum líði vel, þeir hafi gott álit á sjálfum sér og tíðni eineltis sé afar lág (sjá heimasíðu skólans->innra mat).

2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl



2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl




Líðan í kennslustundum er betri og er nú yfir landsmeðaltali.



Athygli vekur að líðan í frímínútum er ekki eins góð og undan farin ár og er undir landsmeðaltali. Það kemur heim og saman við skoðun nemenda í nemendakönnun skólapúlsins um staði þar sem einelti á sér stað. Þar kemur fram að einelti á sér helst stað í **frímínútum innandyrna og til og frá matsal**.

2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl




Foreldrar sem segja barnið hafa orðið fyrir einelti eru spurðir hvar það átti sér stað. Hvert foreldri getur nefnt fleiri en einn stað. Foreldrar sem nefna frímínútur á skólalóð, frímínútur innandyrna, kennslustundir, hádegisstund, á leið í og úr skóla, íþróttatíma, búningsklefa og netið/GSM. Allir staðir eru nefndir en oftast í **frímínútum og í hádegisstund**.




Umfang eineltis hefur minnkað að mati foreldra og er lægra en landsmeðaltal. Það er í samræmi við niðurstöður nemendakönnunar og eineltiskönnunar. Tíðni eineltis hefur aldrei verið lægri í skólanum.

2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




Ánægja foreldra með úrvinnslu eineltismála hefur hrapað og er 50% núna, 2016 var hún 80% en 2013 var hún 43%. Sama má segja um ánægju foreldra með hraða á úrvinnslu eineltismála.

2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl




2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl






Þetta er í ósamræmi við skoðun foreldra á eineltisáætlun og hversu vel sé unnið samkvæmt henni því mikil ánægja er með það og töluvert yfir landsmeðaltali og hefur vaxið verulega frá síðustu könnunum.




Þarna kann að liggja munur á þeim foreldrum sem upplifað hafa einelti barna sinna og þeim sem ekki hafa gert það.

2.7.1 Hvernig fannst þér tekið á eineltinu af hendi skólans?



Ekki kemur fram kynjamunur (strákar og stelpur) þar sem færri en 5 svöruðu spurningunum og til að tryggja nafnleynd er ekki hægt að birta þann mismun.

2.9.1 Telur þú að unnið sé vel eða illa eftir eineltisáætlun skólans?



Bent er á að eineltisteymi hefur skoðað niðurstöður eineltiskönnunar og þar komu fram vísbendingar um mál sem eineltisteymið hefur ekki haft til umfjöllunar. Unnið er að því að kortleggja þá bakki þar sem slíkar vísbendingar hafa komið fram með tengslakönnunum.

Samanlagt eru þættir sem mynda **velferð nemenda** á pari við landsmeðaltal eða 70% ánægja. Ef eineltismál eru tekin sérstaklega út þá er ánægja foreldra í Grunnskóla Húnaþings vestra 63% en 65% á landsvísi. Tíðni eineltis er lægri í Grunnskóla Húnaþings vestra en á landsvísi.

Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,7	62	5,4	4.217	-0,7*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	5,2	53	5,0	2.508	0,2
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	87,1%	54 _{/62}	60,1%	2609 _{/4273}	27,0%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	8	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	93,7%	59 _{/63}	80,1%	3082 _{/3798}	13,6%*
3.6. Notkun á mötuneyti	100,0%	63	88,9%	3842 _{/4253}	11,1%*



Ánægja foreldra með aðstöðu og þjónustu er mikil í skólanum. **Afgerandi ánægja er með skólamáltíðir.**



Það kemur þó skýrlega fram í svörum foreldra að þeim líkar ekki aðstaða fyrir mötuneyti sem staðsett er í félagsheimili og í opnum svörum kemur fram að það snýst um vegalengdina sem nemendur fara til að matast. Einnig eru foreldrar ekki ánægðir með almenn rými í skólanum sem eru af skorum skammti. Hvoru tveggja hefur sveitarstjórn ákveðið að bregðast við með nýbyggingu við skólann.

Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,4	66	5,0	4.192	0,4
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	62,5%	40 _{/64}	57,5%	2429 _{/4037}	5,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	65,5%	38 _{/58}	60,6%	2408 _{/3848}	4,9%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	47	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	39	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	98,5%	64 _{/65}	94,4%	3965 _{/4195}	4,1%
4.7. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	64	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	60,7%	37 _{/61}	54,3%	2184 _{/4035}	6,4%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	77,4%	48 _{/62}	84,8%	3246 _{/3872}	-7,4%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	82,4%	56 _{/68}	80,2%	3327 _{/4185}	2,2%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	68,3%	43 _{/63}	72,8%	3131 _{/4272}	-4,5%



Ánægja foreldra með foreldrasamstarf er á pari við landsmeðaltal, 73% ánægja í Grunnskóla Húnaþings vestra og 71% á landsvísu. Engir þættir koma afgerandi fram í óskum foreldra um það sem þeir vilji að skólinn bæti sérstaklega.


Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,4	66	5,0	4.140	-0,6*
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,4	66	4,7	4.120	-0,3
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,7	64	4,4	4.078	0,3
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	77,4%	48 _{/62}	74,4%	3038 _{/4069}	3,0%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	38,5%	25 _{/65}	53,0%	2199 _{/4084}	-14,5%*
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	69,0%	40 _{/58}	77,7%	2843 _{/3817}	-8,7%
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	22,4%	13 _{/58}	10,4%	472 _{/3817}	12,0%*




Virgni foreldra í námi barna sinna er **marktækt minni** í Grunnskóla Húnaþings vestra en á landsvísu. Þar spilar stærst sá tími sem foreldrar hjálpa börnum sínum við heimanám eða ræða við þau um námið þeirra.

Foreldrar við Grunnskóla Húnaþings vestra verja flestir **15 mínútum eða minna í aðstoð við heimanám barnsins**. Það er í samræmi við stefnu skólans um að gera ráð fyrir því að ef nemendur nýti tímann vel þá eigi þeir að geta unnið flest verkefni þar. Heimavinna felst fyrst og fremst í þjálfun s.s. lestri. Það kemur hins vegar á óvart að tími foreldra er minna en 15 mínútur á dag þar sem læsisstefna skólans kveður á um að allir nemendur lesi a.m.k. 20 mínútur heima á dag. Það er þó hugsanlegt að foreldrar líti ekki á hlustun á lestur sem aðstoð við heimavinnu.



Það er sérlega ánægjulegt að sjá hversu mikið **væntingar foreldra til náms hafa vaxið**. Árið 2013 var marktækur og verulegur munur á væntingum til framhaldsnáms. Nú hefur hann vaxið svo um munar og er ekki marktækur lengur sem mismunur við landsmeðaltal.



Þá er áberandi við skólann hvað foreldrar hafa miklar væntingar til iðnáms. Þar gæti haft áhrif áherslur skólans á þátttöku og kynningar á iðn- og tæknigreinum í samvinnu við GERT verkefnið (samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Mennta- og menningarmálaráðuneytis).

Samantekt



Á heildina litið er ánægja foreldra með skólann mikil. Í opnum svörum kemur mjög oft fram ánægja til tiltekinna starfsmanna og þakklæti fyrir margt sem hefur verið gert og skólanum hrósað. Ábendingar í opnum svörum snúa oftast að tilteknum málum einstaklinga sem ekki er hægt að fara út í í þessari skýrslu.



Helstu áskoranir snúa að úrvinnslu eineltismála og þau mál hafa verið sett í farveg og eru unnin af eineltisteymi skólans.

Sigurður Þór Ágústsson - skólastjóri